



Vorkeilur

ESP_029577_0925



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Á háum breiddargráðum á veturna þéttist koldíoxíð úr lofthjúpi Mars á yfirborðið og myndar árstíðabundna pólhettu. Á vorin skín sólin í gegnum þetta hálf-gegnisæja þurríslag og hitar upp jarðveginn undir. Ísinn þurrufar (fer beint úr föstu formi í gas) á neðri hlið íslagsins og gas festist á milli. Þegar þrýstingur er orðinn nógu hár, brotnar ísinn og gasið losnar. Við kjöraðstæður getur þetta gas þétt staðbundið nærri uppsprettunni og myndað ljósa keila. Dökku keilurnar eru fínkorna yfirborðsefni sem berst með gasin sem losnar upp úr yfirborðsísnum. Fínar ágnir berast með vindi og setjast niður sem dökkar keilur ofan á ísnum. Þar gætu þær hægt og rólega sokkið aftur ofan í ísinn. Raðir af dökkum keilum sýna upprunalegu sprungurnar í ísnum sem gerðu gasinu kleift að losna.